

STJÓRNARFUNDUR BSÍ

FUNDARGERÐ

Fundarstjóri: BN	Fundur nr. :	
Fundarritari: MI	Staður:	Síðumúli 37
Fundargestir: Brynjar Níelsson (BN) Ólafur Sigmarsson (ÓS) Hrannar Erlingsson (HE) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Matthías Imsland (MI)	Dagsetning:	11.12.2024
	Frá kl.:	18:00
	Til kl.:	19:00
	Næsti stjórnarfundur:	Ákveðið síðar

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Var samþykkt rafrænt milli funda
2	<u>Þjónustusamningur</u> Rætt um gerð þjónustusamnings vegna heimasíðu. Það eru mörg verkefni sem er brýnt að fara í og eins eru verkefni sem væri jákvætt að fara í. Stjórn tekur jákvætt í aðgerðaáætlun og felur framkvæmdastjóra að halda áfram með verkefnið.
3	<u>World Bridge Tour</u> Það eru 18 sveitir skráðar á WBT og líklegt að einhverjar bætist við. Samstarfið við WBT er mjög jákvætt og ljóst er að það er mikið hagsmunamál fyrir íslenskan bridge að þetta samstarf haldi áfram.
4	<u>Reykjavík Rapyd Bridgefestival.</u> Mikill áhugi virðist vera á hátíðinni, en það er leiðinlegt hvað íslenskir spilarar eru seinir að skrá sig. Allur undirbúningur gengur vel og ljóst að hátíðin verður glæsileg. Rætt um hvernig hægt er að sækja fleiri styrktaraðila.
5	<u>Norðurlandamót 2025</u> Undirbúningur gengur vel og flestir samningar klárir. Þó á eftir að festa erlenda aðila sem munu sjá um keppisstjórn. Rætt um framkvæmd og fjármál í kringum mótið.
6	<u>Mótamál</u> Rætt um drög að samstarfssamningi við Rafíþróttasambandið um Íslandsmót í net bridge. Um er að ræða 22 útsendingar sem verða á Sjónvarpi Símans og teknar upp í stúdíói Rafíþróttasambandsins. Mikil vinna við að skilgreina mótið og ákveða framkvæmd er eftir. En ljóst er að þarna er tækifæri sem við þurfum að nýta og gera vel. Einnig var rætt um deildarkeppnina. Fyrirkomulagið á 2.deild tókst mjög vel og var mikil ánægja með framkvæmd. En vilji er til að endurskoða fyrirkomulagið í 1.deild, sérstaklega er varðar úrslitin.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
7	<p><u>Reksturinn</u></p> <p>Reksturinn er á áætlun og gengur almennt vel. Var ákveðið að fjárfesta í 2000 fleiri spilum og rúmast það innan áætlunar. Stjórn lýsir mikilli ánægju með reksturinn.</p> <p>Áætlun næsta árs gerir ráð fyrir hagnaði sem nemur um 2 milljónum. Almennt er staðan góð en væri gott að auka tekjur til að búa til sjóð til að eiga þegar kemur að framkvæmdum.</p>
8	<p><u>Önnur mál</u></p> <p>Formaður upplýsti að hann hafi sótt um starf eins og hefur komið fram í fjölmiðlum og ljóst að hann þarf að stíga til hliðar á næsta ársþingi ef hann er ráðinn í það starf.</p>